

1867.

19. október.

3. fyrir lakara meðalbrauði, gjalda

til fútækra prestsekkna. 1 rd. 6 sk.

en að sá, sem hefir fengið veitingu fyrir fátæku brauði, ekki skuli greiða neitt slíkt gjald.

22. október.

54. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um skoðun fjárins í Hafnahrepp í Gullbringusýslu.

Nú er stjórnarráðið hefir fengið álitsskjal yðar, herra stiptamtmaður, dagsett 10. júlímán. þ. á. um bænarskrá, er hingað hafði borizt beina leið, frá Vilhjálmi sjálfseignarbónda Hákonarsyni í Kirkjuvogi í Hafnahrepp í Gullbringusýslu, þar sem hann lætur í ljósi óánægju sína yfir ráðstöfunum þeim, sem gjörðar hafa verið um skoðun fjárins í tæðum hrepp, og fer þess á leit, að bændunum þar sé leyft að hafa sjálfir umsjón þá, sem með þarf, með heilbrigðisístandi fjár síns o. fl., skal yður kunngjört sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér birtið það, að þó að stjórnarráðið kunni að meta réttilega framtakssemi Vilhjálms sjálfseignarbónda í fjárkláðamálinu, þá verði samt, eins og búast má við að hann sjái sjálfur, hvorki hann né hinir aðrir Hafnahrepps búar undanþegnir ráðstöfunum þeim, sem yfirvöldin gjöra, samkvæmt tilskipun 5. janúarm. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

28. október.

55. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Snorra Jónssonar, lærisveins á dýralæknaskólanum, um styrk til að halda námi sínu áfram.

Eftir að fengin hefir verið skýrsla frá forstöðumanninum fyrir dýralækninga- og búnaðarháskólanum útaf bænarskrá, er hingað hafði borizt, frá Gísla Brynjúlfssyni, stip. arnamagn., þar sem hann sækir um, að dómsmálastjórnin veiti yður styrk

þann, er þér þurfið til þess að ljúka við nám yðar á tæðum skóla, hefir stjórnarráðið veitt yður á þessu fjárhagsári 250 rd. styrk í þessu skyni, og verður yður borgaður helmingurinn 125 rd., fyrir mánuðina apríl til september, í íslenzku stjórnardeildinni, og hinn helmingurinn mánaðarlega úr aðalféhirzlu ríkisins, 20 rd. 80 sk. við lok hvers mánaðar, fyrsta skipti við lok þessa mánaðar.

1867.
28. október.

56. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um veð fyrir andvirði nokkurra seldra þjóðjarða. 31. október.

Nú er stjórnarráðinu hafa borízt með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, 29. desembermán. f. á., eptirrit af skuldabréfum þeim, sem gjörð hafa verið áður fyrri fyrir eptirstöðvum af andvirði jarðanna Hvassahrauns, Miðhúsa og Laugarness, og laxveiðinnar í Elliðaánum, skal fyrst og fremst vekja athygli yðar á því, að skuldabréf það, sem Ditlev kaupmaður Thomsen hefir gefið 11. desembermán. 1853 fyrir andvirði tæðrar laxveiði, ber ekki með sér, að það hafi verið þinglesið, en aptur á móti er á því áritun, dagsett 6. marzmán. 1854, eptir hlutadeiganda sýslumann, um að þess hafi verið getið til bráðabirgða í veðsetningabók Gullbringu- og Kjósar-sýslu, og að staðfest eptirrit af skuldabréfinu muni verða lagt fram á næsta manntalsþingi í Seltjarnarnesshrepp, og að því er snertir spurningu þá, er reikningastjórnardeildin hefir hreift, um það, hvort veðin, er sett eru, veiti nægilega tryggingu, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að með því að kaupendurnir hafa uppfyllt skilmála þá, er settir voru, þá er kaupin gjörðust, um að borga skyldi þriðjung andvirðisins, og ekkert er fram komið, er gefi tilefni til að ætla, að trygging sú, er veðin veittu upphaflega, og þá var álitin nægileg, hafi rýrnað síðan, finnst stjórnarráðinu ekki vera ástæða til að krefjast þess, að borgað sé meira uppi það, sem eptir stendur af andvirðinu.